



**Starfshópur til að yfirfara starfslýsingu og undirbúa auglýsingu starfs í bókasafni o.fl.
Greinargerð og tillaga til bæjarstjórnar, dags. 11. október 2023.
*Lokaskjal m. lagfæringum 19. okt. 2023.***

Aðdragandi og forsendur

Fyrr á árinu lá fyrir að forstöðumaður almenningsbókasafnsins myndi láta af störfum eftir 37 ára traust starf, fyrst sem forstöðumaður bókasafnsins og síðar ýmis afmörkuð verkefni, s.s. hreinsun skjala og gagnavarsla fyrir bæjarskrifstofuna. Hluti starfs forstöðumanns síðustu ár sneri einnig að öðrum menningarmálum, einkum ljósmyndasafni Bærings Cecilssonar, en Grundarfjarðarbær hefur í nokkur ár gengist fyrir starfi við að skanna, skrá og birta ljósmyndir Bærings. Ennfremur hefur forstöðumaður komið að fleiri menningarverkefnum, tilfallandi eftir tímabilum, s.s. sögutengdum menningarminjum, nú síðast t.d. sýningunni um Sjókonur á Snæfellsnesi. Stór hluti af starfinu undanfarin ár hefur síðan verið vaxandi hlutur bókasafnsins sem upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn allt árið um kring, þar sem mest álag er að sumri til á aðalferðamannatímanum. Með hratt vaxandi fjölda skemmtiferðaskipa sem koma til Grundarfjarðar, hefur umfang upplýsingagjafar til farþega af skemmtiferðaskipum stórauðist. Forstöðumaður hefur undanfarin ár verið í 80% starfi.

Bókasafnið er til húsa í Sögumiðstöðinni við Grundargötu 35 og nýtir þar hluta af rými hússins. Í húsinu fer fram ýmis önnur starfsemi, einkum félagsstarf ýmiss konar, s.s. eldri borgara starf og félagsstarf á vegum RKÍ-deildarinnar, auk þess sem félagasamtök nýta húsið fyrir fundi og annað félagsstarf. Árið 2020 samþykktu menningarnefnd/bæjarstjórn að vinna í áföngum að uppbyggingu í húsinu, sem samfélags- og menningarmiðstöðvar fyrir íbúa. Sjá [tillögur/umfjöllun/samþykktir menningarnefndar og bæjarstjórnar í One-máli nr. 1801048 „Sögumiðstöðin“](#). Áfangar voru skilgreindir í uppbyggingarferli hússins og starfseminnar, og hefur verið unnið eftir því. Vinnan felst einkum í breytingum á rýmum innanhúss, en síðar verður einnig lögð vinna í að endurbæta litlar sýningar hússins. Hluti af starfsemi Sögumiðstöðvar verður einmitt að setja upp og starfrækja safnahlutana, s.s. um bátinn Brönu, Þórðarbúð-leikfangasafn og tilfallandi aðrar sýningar. Þess má einnig geta að Eyrbyggju-Sögumiðstöð var falin umsjón ýmissa gripa, á árum áður, sem síðar var komið fyrir í geymslu í kjallara fjölbrautaskólans. Þessa gripi mun á komandi árum þurfa að skrá með faglegum hætti sem safnkost og gera frekari skil, með því að koma þeim fyrir til sýnis eða með því að skila þeim til eigenda/umráðamanna, ef það þykir fremur við hæfi.

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að samkomuhúsið, Sólvöllum 3, þurfi aukið utanumhald, en fram til ársins 2018 hafði markaðs- og menningarfulltrúi haft yfirumsjón með húsinu og verkefnum þess. Starfsmaður er hinsvegar í reglulegri húsumsjón, auk þess sem eignaumsjónarmaður sér um viðhald á fasteigninni og búnaði, eins og á öðrum mannvirkjum bæjarins.

Starfshópur, ný starfslýsing m.t.t. breytts hlutverks

Ljóst var að eftir að forstöðumaður léti af störfum, væri þörf og óskir um breytingar á starfinu, vegna samfélagstengdra breytinga sem orðið hafa í starfsumhverfi bókasafna, og breytinga í starfsemi Sögumiðstöðvar o.fl. Almenningsbókasafn heyrir undir menningarnefndina, Sögumiðstöð og samkomuhús sömuleiðis. Bæjarráð/bæjarstjórn samþykkti því að tilnefna tvo fulltrúa menningarnefndar, þær Mörtu Magnúsdóttur og Rakel Birgisdóttur, og tvo bæjarfulltrúa, þau Ágústu

Einarsdóttur og Loft Árna Björgvinsson, í starfshóp til að yfirfara og gera tillögu um nýja starfslýsingu, sem tæki mið af breyttu hlutverki og starfsumhverfi bókasafna, þörfum fyrir skilvirka umsjón með starfsemi í Sögumiðstöðinni og þróun á starfsemi hússins, umsjón með samkomuhúsinu og mögulega fleiru.

Hópurinn átti fjóra fundi, í lok apríl, september og október. Hópurinn fékk til skoðunar ýmis gögn, m.a. greinargerð forstöðumanns bókasafnsins um starf og þróun í bókasafninu, ársskýrslur bókasafnsins, tillögur um uppbyggingu samfélags- og menningarmiðstöðvar sbr. framangreint mál nr. 1801048 og bæjarstjórn vísaði einnig til starfshópsins erindi sem barst frá einstaklingum í bænum um bókasafnið (mál 2309024). Hópurinn fékk á fund til sín þær Sunnu Njálsdóttur fráfarandi forstöðumann bókasafnsins og G. Lilju Magnúsdóttur umsjónarmann skólabókasafnsins í Grunnskólanum. Tveir fulltrúar úr starfshópnum sóttu landsfund Upplýsingar 2023, í Hafnarfirði 21.-22. september sl., þar sem þema ráðstefnu var „Þjónusta og uppbygging bókasafna í nútímasamfélagi“, sjá:

<https://upplysing.is/landsfundur-upplysingar-2023/>

Hlutverk bókasafna

Starfshópurinn fór yfir og byggir niðurstöður sínar m.a. á ákvæðum [bókasafnalaga nr. 150/2012](#). Samkvæmt lögunum, 1. gr., eru bókasöfn þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum. Hlutverk þeirra er að tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Í 7. gr. bókasafnalaga er fjallað um flokkun safna og um það hvenær það er skylda til að starfrækja bókasöfn. Þar segir m.a. (undirstrikun er starfshópsins) eftirfarandi:

- **Almenningsbókasöfn** eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum.
Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafns.
- Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslíð almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði.
- Bókasöfn í skólum eru upplýsingamiðstöðvar fyrir nemendur og kennara. Í starfsemi skólasafna skal meðal annars leggja áherslu á að þjálfa nemendur og starfsfólk skóla í upplýsingalæsi.

Í 6. gr. laganna segir um **markmið og hlutverk bókasafna**:

- Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.
- Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.

Í 11. gr. bókasafnalaga er fjallað um **starfsfólk og búnað**. Þar segir:

- Forstöðumaður bókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Tryggja skal eftir föngum að bókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfir verkefni safnanna.
- Búnaður bókasafna, húsnæði og safnkostur skal taka mið af hlutverki þeirra hvers um sig.

Eftirfarandi er tillaga starfshópsins til bæjarstjórnar:

Tillaga um starfslýsingu:

Helstu þættir nýs starfs verði eftirfarandi:

- **Umsjón með almenningsbókasafni sem rekið er skv. bókasafnalögum nr. 150/2012.**
Í því felst einkum:
 - Dagleg starfsemi bókasafns, s.s. bókakaup, skráning, útlán, millisafnalán og tengd þjónustustarfsemi, grisjun safnkosts.
 - Kynning á safnkosti og starfsemi safnsins og annarra eininga sem undir starfið heyra, sbr. neðangreint, m.a. með upplýsingagjöf á vefsíðu og samfélagsmiðlum.
 - Skýrslugerð, en bókasöfn skulu árlega láta menningar- og viðskiptaráðuneytinu í té skýrslu um fjármál sín og starfsemi, sbr. 14. gr. bókasafnalaga.
 - Samstarf við skólabókasafn Grunnskóla Grundarfjarðar og samskipti við önnur bókasöfn, menningar- og þjónustustofnanir sem starfseminni tengjast.
- **Umsjón með menningarhúsum bæjarins og starfsemi þeirra.**
Í því felst einkum:
 - Að vera starfsmaður menningarnefndar bæjarins og vinna með henni að menningartengdum málum. ATH. að hér verði þó um lítið hlutfall að ræða og að setja þurfi skýr mörk um þennan þátt.
 - Umsjón með Sögumiðstöðinni að Grundargötu 35 og Samkomuhúsinu Sólvöllum 3, þar sem rekin er félags- og samkomuaðstaða. Í því felst að sjá um að ólík starfsemi geti farið fram í húsunum, að vera tengiliður við fasta notendur húsanna, en einnig við aðra starfsmenn húsanna, s.s. vegna þrifa, húsumsjónar, viðhalds, útleigu og fleira.
 - Umsjón með uppbyggingu menningarstarfs/safnhluta í Sögumiðstöð og að koma þeim hlutum húss og starfsemi í sýningarhæft/nothæft ástand, sbr. framangreindar forsendur, sem og í samræmi við samþykkt menningarnefndar/bæjarstjórnar 2020 um uppbyggingu og starfsemi í húsinu.
 - Umsjón með uppbyggingu á ljósmyndasafni Bærings Cecilssonar, í samræmi við þann grunn sem lagður hefur verið; hafa yfirsýn yfir safnið, gera áætlun (með menningarnefnd) um áfangaskipta vinnu við varðveislu ljósmynda, framfylgja áætluninni, sækja um styrki eftir atvikum og vinna að birtingu mynda á sarpur.is Í þessu felst umsjón með filmu- og ljósmyndasafninu og skipulagi og skönnun á ljósmyndum BC sem og samstarf við starfsmann sem vinnur að skönnun hverju sinni.
 - Lagt er til að starfsmaður hafi umboð til að leigja út/lána aðstöðu fyrir hlaðvarp (sem staðsett er í Tónlistarskólanum og nýtt af tón- og grunnskóla) til utanaðkomandi aðila, í samvinnu við skólastjórnendur. (Ræðist nánar við skólastjórnendur).
- **Stuðningur/þjónusta við íbúa.**
Felst einkum í:
 - Að sinna upplýsingagjöf til íbúa, einkum gegnum vef og miðla, en einnig með starfsemi í bókasafninu.
 - Að vinna að því að tengja fólk með ólíkan bakgrunn (aldur, samsetning, o. fl.), hvetja til félagsstarfs og viðburða, ýta undir hópahitting, samveru, fræðslu, námskeiðshald o.fl.
 - Að styðja sérstaklega við íbúa með erlendan bakgrunn – stuðla að þekkingu þeirra á samfélaginu, ýta undir íslenskunám og æfingar, samskipti o.fl.
 - Að sinna upplýsingagjöf til íbúa sem eru nýfluttir í bæinn, sbr. t.d. hugmyndir um upplýsingapakka til nýrra íbúa sem boðnir eru velkomnir í bæinn.

- **Rekstur, fyrirsvar og fleira:**

- Annast önnur störf sem starfsmanni kunna að vera falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.
- Starfsmaður á að þekkja og starfa eftir stefnu bæjarins og áætlunum, gildandi lögum og reglum sem ná yfir starf hans og starfssvið, taka þátt í gerð fjárhags- og starfsáætlana og vinna í samræmi við rekstrarheimildir, hafa umsjón með leigu í samræmi við gjaldskrár fyrir starfsemina, samþykkja reikninga o.fl.
- Trúnaður og þagmælska um persónuverndargögn og upplýsingar.
- Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Starfshlutfall

- Starfið verði sem 75-80% stöðugildi
- Eðli starfsins er þannig, að auðvelt er að teygja starfshlutfallið verulega. Ljóst er þó að setja verður mörk um starfsemina (magn, umsvif, framlag) og á að vera hægt að sníða umfang verkefna að starfshlutfalli.

Æskileg menntun og færni (til nánari útfærslu) -

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði, menningu/menningarmiðlun eða listtengdum greinum (þarf að skilgreina nánar).
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Mjög góð almenn tölvukunnátta ásamt þekkingu á gagnagrunnum, leitarvélum, Gegni, skjalastýringakerfum og öðrum forritum sem notuð eru innan fagsins, eftir atvikum. Mjög góð færni í að nýta samfélags- og samskiptamiðla.
- Mjög góð færni og lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, færni í að fylgja eftir hugmyndum og koma þeim í framkvæmd og að virkja aðra.

Aðrar forsendur og tillögur sem starfshópurinn byggir á og leggur til:

- **Samspil með skólabókasafni**

- Bókasöfn grunnskólans og almenningubókasafnsins eru skipulögð sem eitt safn í bókasafnakerfinu Gegni. Gott samstarf sé áfram með skólabókasafninu. Innkaup og bókakostur hefur verið samræmdur undanfarin ár, í góðu samstarfi safnanna, sem er áfram brýnt og er fjargeymsla bóka sameiginleg.
- Skólabókasafnið þjónar börnum og ungmennum á grunnskólastiginu (og Eldhamrar), sem og kennurum að einhverju leyti – þetta er aldurinn 5-16 ára. Lagt er til að almenningubókasafnið þjóni sérstaklega vel börnum upp að 5-6 ára aldrinum, þannig að bókasafnið höfði sérstaklega til og þjóni börnum sem ekki eru enn farin að nota skólabókasafn og fjölskyldum þeirra. Val á safnkosti, húsgögnum og annarri aðstöðu taki þá sérstaklega mið af þessu, sem og viðburðir sem höfði til hópsins.
- Eldri íbúar eru nú þegar að nota rými í húsinu, fyrir félagsstarf, og eru uppistaðan af núverandi notendum safnsins. Æskilegt er að bókasafnið hugsi sérstaklega vel um að þjóna þeim sem notendum bókasafns, sbr. Bókakost, aðgengi, húsgögn, o.fl.
- Starfshópurinn ræddi um möguleikann á sameiginlegu safni (almenningubókasafn og skólabókasafn), sem væri álitlegur kostur að ýmsu leyti. Niðurstaða umræðunnar var sú, að húsnæðið þarf þá að vera í beinum tengslum við grunnskólann og meðan slíkt húsnæði liggur ekki á lausu, fyrir bæði söfnin saman, þá sé þetta ekki vel raunhæft.

- **Opnunartími**

- Opnunartími er ekki lykilatriði, þ.e. sá tími (fjöldi klst.) sem safnið er auglýst opið með viðverutíma umsjónarmanns/starfsmanns.
- Horfa ber til „fljótandi opunar“ – þ.e. að fólk geti fengið bók að láni sjálf (án afgreiðslu), eins og reyndar hefur tíðkast hjá safninu í mörg ár. Aðgengi að safninu er þá útfært samhliða opnun/annarri starfsemi sem fram fer í húsinu.
- Með tilliti til þess sem segir hér á öðrum stað, varðandi nýja þjónustu eða útvíkkaða starfsemi frá því sem verið hefur, þá gæti skapast þörf eða tækifæri til að hafa opunar-/starfstíma bókasafnsins teygjanlegan (t.d. stundum á morgnana og suma daga síðdegis). Dæmi um slíkt eru hugmyndir um „foreldramorgna“ í bókasafninu, barnahorn/barnastundir/lestrarstundir fyrir börn, námskeið og annað álíka, sem gaman væri að safnið myndi gangast fyrir. Þessi þáttur mætti ráðast verulega af hugmyndum nýs starfsmanns. Þó ber að taka tillit til þess að um er að ræða 900 manna samfélag og hugsa þarf um hagkvæmni í rekstri.

- **Safnkostur í hillum og staðsetning**

- Hópurinn leggur áherslu á að nýta rými bókasafns sem best fyrir notendur/gesti.
- Ekki sé mikilvægast hvert sé magn bóka í hillum, heldur skipti meira máli gæði eða meðvitað val um hvaða bækur eigi að vera „frammi“ (höfða til safngesta hverju sinni).
- Millisafnalán eru kostur – við eigum alltaf möguleika á því og mætti auglýsa vel fyrir notendum.
- Starfshópurinn telur að það sé kostur að geta leyft bókasafninu (safnkosti) að „flæða“ yfir þröskuld núverandi bókasafnshluta, yfir í annað rými hússins. Yfirlýst markmið og hluti af næsta áfanga í uppbyggingu í Sögumiðstöð er að gera miðrýmið („salinn“) hlýlegri. Einnig hljóti svæði/rými hússins eiga eftir að tengjast betur og „flæði“ fólks í húsinu þá að verða betra. Hópurinn telur að huggulegar bókahillur með útlánsbókum geti vel verið hluti af því hvernig miðrýmið (salur) er útbúið, og geti aukið á hlýleika í rýminu.

- **Aðstaða**

- Starfshópurinn leggur til að húsgögn fyrir gesti verði endurnýjuð eða skipt út, þannig að t.d. sófar/stólar séu þægilegir til að sitja í, rúmist betur á svæðinu og að þeir séu hentugir fyrir notendur (ekki of lágt setið, mjúkt og gott að sitja í, osfrv.) – þarf að henta öllum aldri og með aðgengi í huga. Kostur að auðvelt sé að þrifa.
- Hið sama gildir um húsgögn og aðstöðu fyrir starfsmann/menn. Gera má ráð fyrir að starfsmaðurinn þurfi skrifstofu þar sem hægt er að vera í næði til að sinna þeim hluta starfsins sem ekki felst í viðveru á safninu eða í húsinu sjálfu. Skoða þarf hvort hægt verði, með tímanum, að útbúa skrifstofu baka til í húsinu, og/eða hafa fasta aðstöðu fyrir starfsmann á öðrum stað, t.d. að Grundargötu 30, í ráðhúsi eða annarsstaðar.

- **Heiti**

- Áfram verði Sögumiðstöðin heiti húss og samheiti/regnhlíf fyrir það sem fram fer í húsinu. Þannig má t.d. tala um „bókasafnið í Sögumiðstöðinni“.
- Hugmynd kom fram um slagorðið „heimili sögu, máls og menningar“, með vísan til nýs hlutverks/viðfangsefna sem hér hefur verið lýst, en hópurinn vann ekki nánar úr því. Leyfum því samt að flakka!

- **Það sem EKKI er inni:**

- Starfshópurinn leggur til að ekki verði sérstaklega gert ráð fyrir upplýsingamiðstöð í húsinu, þ.e. upplýsingamiðlun til ferðamanna með markvissum hætti. Fram hefur komið að yfir sumartímann er þetta orðin „full starfsemi“ sem krefst síns eigin rýmis og mikillar þjónustu, og er mesta álagið í tengslum við komur skemmtiferðaskipa sem hafa og munu enn aukast. Mikið álag er vegna einfaldra spurninga, sem hægt á að vera að afgreiða með bættum merkingum (skilti) í bænum og með upplýsingagjöf „sem næst uppruna“, þ.e. þar sem skipagestir koma á land.
- Starfshópurinn ræddi um það hvort starfið ætti að fela í sér markaðsmál (sbr. „markaðsfulltrúi“). Niðurstaða að hafa það ekki sem hluta af starfinu. Starfshópurinn vill gera skil á milli menningar- og bókasafnsmála (lýsing starfs hér að ofan) og þess hluta sem myndi flokkast sem markaðsmál út á við, á vegum sveitarfélagsins.

Starfshópurinn:

Marta Magnúsdóttir og Rakel Birgisdóttir, fulltrúar úr menningarnefnd

Ágústa Einarsdóttir og Loftur Á. Björgvinsson, bæjarfulltrúar

Björg Ág. bæjarstjóri var starfsmaður hópsins og tók saman framangreint.